

**Nd.** **289. Frumvarp til laga** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Tollur á vörum í neðangreindum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna lækki úr 80% í 40%:

84.15.10, 84.15.20, 84.18.21, 84.19.10, 84.40.10, 84.40.21, 84.40.50, 84.40.61, 85.06.11, 85.06.20, 85.06.31, 85.12.49 og 85.12.56.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Á síðast liðnu ári var tekin ákvörðun um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að lækka opinber gjöld á ýmsum vörum, m. a. nokkrum rafmagnsheimilistækjum sem í dag eru talin nauðsynleg í heimilishaldi hversrar fjölskyldu. Heimilistæki þau sem ákvörðun um lækkun gjalda tók til voru kæliskápar, þvottavélar, hrærivélar og ryksugur en kaup á þessum tækjum hafa m. a. vegna hárra aðflutningsgjalda verið umtalsverður útgjaldaliður í heimilisrekstri og einkum komið hart niður á yngra fólki við bústofnun.

Til þess að koma í framkvæmd lækkun gjalda af nefndum heimilistækjum var ákveðið að fella þegar niður 24% sérstakt vörugjald og tók sú gjaldalækkun gildi frá og með 1. ágúst s. l.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir enn frekari lækkun gjalda á nefndum rafmagnsheimilistækjum auk nokkurra rafmagnsheimilistækja til viðbótar. Felur frumvarpið í sér lækkun tolla um 50% á kæliskápum, frystikistum, eldhúsviftum, uppþvottavélum, þvottavélum, þurrkurum, strauvélum, ryksugum, viftum, hrærivélum og brauðristum eða lækkun tolla úr 80% í 40% sem felur í sér verulegar hagsbætur fyrir heimilin í landinu.

Verði frumvarp þetta samþykkt er ljóst að ríkissjóður mun verða fyrir nokkru tekjutapi. Má gera ráð fyrir með hliðsjón af innflutningi vara þessara á undanförunum árum að tekjutap vegna þessara breytinga gæti numið um 22 millj. kr. á heilu ári.